

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 25. júní 2024.

Málið nr. E-576/2024:

Stefan Daniel Nae

(Eva Dís Pálmadóttir lögmaður)

gegn

VHE ehf.

(Gunnar Ármannson lögmaður)

Dómur:

Mál þetta var höfðað 27. febrúar 2024 og dómtekið 12. júní. Stefnandi er Stefan Daniel Nae, Garðaholti 7, Fáskrúðsfirði. Stefndi er VHE ehf., Melabraut 23-25, Hafnarfirði.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu 55.675 króna vangoldinna launa með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2024 til greiðsludags. Jafnframt er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Loks er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að meðtöldum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð, málskostnaður felldur niður og upphafstími dráttarvaxta látinn ráðast af dómsuppsögudegi.

I. - Ágreiningsatriði og yfirlit helstu málsatvika og staðreynda.

1.

Stefnandi var fastráðinn í fullt starf sem verkamaður hjá stefnda með skriflegum ráðningarsamningi 2. september 2021. Þar segir að um uppsagnarfrest, orlof, veikindarétt og önnur réttindi og skyldur fari samkvæmt kjarasamningi stéttarfélagsins AFL (kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands). Þá segir að um önnur kjör starfsmanns sem ekki er kveðið á um í ráðningarsamningi fari að landslögum. Í málinu er ekki deilt um ágæti starfa stefnanda og liggur fyrir að ráðningarsambandi aðila lauk 31. desember 2023 fyrir sakir uppsagnar stefnanda, sem hóf svo störf hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði 1. janúar 2024.

2.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort stefnanda beri laun vegna veikinda dagana 6. og 7. desember 2023. Áður hafði hann tilkynnt um veikindi 5. desember, var frá vinnu frá þeim degi til 13. desember og fékk greidd laun fyrir allt tímabilið að frátöldum 6. og 7. desember. Liggur fyrir vottorð Jónasar Ásmundssonar læknis á Heilbrigðisstofnun Austurlands 8. desember 2023 þar sem segir að stefnandi hafi verið óvinnufær með öllu frá 6.-13. desember 2023 vegna sjúkdóms og í því sambandi vísað til lækniaskoðunar 8. desember. Þar segir jafnframt að sé óskað frekari upplýsinga skuli trúnaðarlæknir stefnda snúa sér til vottorðsgjafa.

3.

Óumdeilt er að þriðjudaginn 5. desember kl. 06:33 tilkynnti stefnandi Dido yfirmanni sínum um veikindi þann dag með skilaboðum á Messenger og tiltók bakverki í því sambandi. Dido móttók skilaboðin og kvaðst myndu láta Heimi vita. Daginn eftir kl. 06:51 sendi stefnandi Dido önnur skilboð, sagðist ekki líða vel og myndi einnig vera frá vinnu þann dag. Degi síðar eða fimmtudaginn 7. desember kl. 06:39 sendi stefnandi Dido þriðju skilaboðin, sagði sína stöðu óbreytta og að hann myndi heldur ekki mæta til vinnu þann dag. Þessu svaraði Dido með „Ok“. Samskipti þessi fóru fram á ensku.

Þá er óumdeilt að 8. desember kl. 14:10 sendi stefnandi Karen Ýr Kjartansdóttur tilkynningu um veikindi á samskiptaforritinu Messenger, að kl. 14:26 spurði Karen á móti hvort hann hefði slasast í vinnunni og fékk þau svör að stefnandi hafi fundið fyrir bakverkjum eftir vinnu við að mөлva steina með kúbeini. Karen svaraði á móti að stefndi myndi ekki endurgreiða stefnanda lyfjakostnað vegna almennra veikinda en myndi, eins og venja væri, endurgreiða kostnað vegna lækni-vottorðs. Stefnandi svaraði með „Ok“ og fékk á móti þau skilaboð að hann hafi aðeins sent SMS skilaboð í veikindasímanúmer stefnda 5. desember, en ekki aðra daga sem hann hafi verið frá vinnu og bætti Karen við að skýrt væri tekið fram í reglunum að stefnandi verði ávallt að tilkynna yfirmanni sínum um veikindi og senda SMS skilaboð í veikindanúmerið. Stefnandi svaraði því til að 5. desember hafi hann tilkynnt um veikindi í veikindanúmerið og aðra daga sent Dido skilaboð, þar sem stefnandi ætti aðeins tvo veikindadaga í mánuði. Í lækni-vottorði væri skýrt tekið fram að veikindaleyfi hans hæfist þann 6. og stæði til 13. Karen kvaðst vita að stefnandi hafi tilkynnt til Dido, en bætti við að stefnandi hafi undirritað reglur stefnda um veikindi og þar kæmi skýrt fram að senda þurfi SMS skilaboð í veikindanúmerið á hverjum degi. Stefnandi hafi fyrst hitt lækni 8. desember og hvorki sent skilaboð 6. né 7.

desember. Stefnandi svaraði á móti að hann hafi ekki haft hugmynd um þetta; aðeins vitað að hann ætti tvo veikindadaga í mánuði og eftir það yrði hann að leita til læknis ef væri áfram veikur. Á móti spurði Karen hvort stefnandi hafi ekki lesið reglurnar þegar hann réði sig til stefnda og fékk til svars að eftir tveggja og hálfis árs starf hjá stefnda myndi stefnandi ekki inntak reglnanna. Daginn áður hafi hann ekki sent Dido skilaboð þar sem stefnandi hefði nóttina á undan átt erfitt með svefn og því vaknað seinna en venjulega. Þá kvaðst stefnandi hafa hringt í lækni 6. desember og pantað tíma í skoðun en ekki komist að hjá lækni fyrr en 8. desember. Þessi samskipti fóru fram á ensku.

4.

Óumdeilt er að framangreind skírskotun til reglna stefnda vísi til tilkynningar hans á ensku 28. febrúar 2014 til allra starfsmanna um hvernig þeir skuli tilkynna fjarveru vegna veikinda og ber skjalið yfirskriftina „Notification of Absence Due to Illness“. Þar segir m.a. að starfsmaður verði að tilkynna fjarveru vegna veikinda 15-60 mínútum áður en starfstími hefst hvern dag með því að hringja í sinn næsta yfirmann og jafnframt senda SMS skilaboð í tilgreint símanúmer. Ef veikindi vara skemur en tvo daga þurfi yfirleitt ekki að framvísa læknisvottorði. Vari veikindi lengur en tvo daga er starfsmanni skylt að framvísa læknisvottorði til launadeildar stefnda. Verði ekki farið nákvæmlega eftir þessum reglum muni stefndi líta svo á að starfsmaður sé fjarverandi í launalaus leyfi.

II. - Skýrslugjöf aðila og vitna fyrir dómi.

1.

Fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa meiðst í baki við vinnu hjá stefnda þegar hann var að brjóta steina og af þeim sökum orðið óvinnufær dagana 5.-13. desember 2023. Stefnandi kannaðist við að hafa á sínum tíma staðfest með nafnritun kynningu á reglum stefnda um hvernig starfsmenn skuli tilkynna veikindaföröll. Sá texti hafi verið á ensku og stefnandi ekki skilið hann til fulls þótt hann tali þokkalega ensku. Hann kvaðst hafa skilið reglurnar svo að ef starfsmaður væri frá vinnu vegna veikinda í meira en tvo daga yrði hann að útvega læknisvottorð. Stefnandi hafi því hringt í heilsugæsluna 7. desember en ekki fengið tíma í læknisskoðun fyrr en 8. desember.

2.

Jónas Ásmundsson heilsugæslulæknir staðfesti vottorð sitt sem frá greinir í kafla I.-2. dómsins og kvað vottorðið ritað í kjölfar læknisskoðunar 8. desember 2023. Hann kvaðst muna að stefnandi hafi kvartað undan bakverkjum til skemmri tíma og sagst hafa

fengið tak í bakið. Jónas kvaðst ekki hafa haft ástæðu til að rengja þá frásögn og verkjalýsingu stefnanda og í kjölfar skoðunar talið rétt og eðlilegt að meta stefnanda óvinnufæran á tímabilinu 6.-13. desember. Taldi Jónas að hann hafi fylgt í einu og öllu settum reglum við útgáfu vottorðsins og engar forsendur haft til að vefengja verkjasögu stefnanda vegna daganna 6. og 7. desember.

III. - Helstu málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla skuli allt fastráðið verkafólk, sem forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa og starfað hefur hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfelld, ekki missa neins í af launum sínum í einn mánuð. Um veikindarétt stefnanda sé einnig fjallað í 8. kafla þágildandi kjarasamnings og kveðið þar á um enn betri rétt stefnanda í grein 8.1.3., en þar segi að eftir tveggja ára samfelld starf hjá sama vinnuveitanda skuli starfsfólk á hverju 12 mánaða tímabili halda launum í slysa- og veikindaforföllum í tvo mánuði. Vísar stefnandi hér jafnframt til ráðningarsamnings síns og stefnda en þar segi að um veikindafrí fari samkvæmt kjarasamningi og sé í ráðningarsamningi ekki gerð krafa um sérstakt form á tilkynningu um veikindi eða ótvíræð krafa um framvísun læknisvottorðs. Stefnanda beri því réttur til fullra launa dagana 6. og 7. desember 2023, óháð þeirri aðferð sem hann notaði við að tilkynna veikindi sín þá daga og óháð því þótt lækniþess hafi ekki farið fram fyrir en 8. desember.

Að því er varðar veikindatilkynningu vísar stefnandi nánar til þess að ekki sé kveðið á um það í löggjöf hvernig starfsmönnum beri að tilkynna vinnuveitanda um veikindi. Þá séu kjarasamningar almennt fáorðir um sama atriði, en stundum gerð krafa um að veikindi séu tilkynnt í upphafi dags og stundum að þau skuli tilkynnt til yfirmanns. Í þeim kjarasamningi sem hér skipti máli séu engin ákvæði um form slíkra tilkynninga, en þar segi í grein 8.4.1. að launagreiðslur í veikinda- og slysatilfellum skuli fara fram með sama hætti og á sama tíma og aðrar vinnulaunagreiðslur enda hafi læknisvottorð borist í tæka tíð vegna launaútreikninga, sem hjá stefnda hafi miðast við 20. hvers mánaðar. Stefnandi telji engu að síður eðlilegt að starfsmaður tilkynni veikindi til vinnuveitanda svo fljótt sem kostur er og það hafi stefnandi gert 6. og 7. desember.

Stefnandi mótmælir því að almenn tilkynning stefnda til starfsmanna sinna 28. febrúar 2014 og þær einhliða og íþyngjandi verklagsreglur sem þar komi fram geti gengið

framar ákvæðum kjarasamnings og þannig rýrt launarétt stefnanda, sbr. og 10. gr. laga nr. 19/1979. Þannig sé stefnda ekki stætt á því að gera kröfur um tvöfalt form tilkynninga, svo bindandi sé, þannig að starfsmaður verði að tilkynna veikindi sín á fleiri en einn stað. Aðalatriðið sé að veikindi séu sannanlega tilkynnt og læknisvottorði eftir atvikum framvísað til staðfestingar á sögðum veikindaförföllum. Þetta hafi stefnandi hvort tveggja gert og beri því ótvíræður réttur til þeirra launa sem krafist er í málinu.

Að því er sérstaklega varðar framvísun læknisvottorðs áréttar stefnandi að samkvæmt grein 8.4.3. kjarasamnings sé ekki gerð sú krafa að starfsmaður framvísi ávallt læknisvottorði heldur kveðið svo á að vinnuveitandi geti krafist læknisvottorðs um veikindi starfsmanns og sé honum þá skylt að leggja fram slíkt vottorð. Stefnandi hafi ekki fengið tíma hjá lækni til skoðunar fyrr en 8. desember 2013, þá fengið læknisvottorð og strax í framhaldi afhent stefnda. Þannig hafi ómöguleiki staðið í vegi fyrir því að framvísa slíku vottorði fyrr. Að öllu þessu gættu hafnar stefnandi þeim málatilbúnaði stefnda að læknisvottorð geti eingöngu verið sönnun um veikindi starfsmanns frá þeim tíma sem skoðun lækni fór fram og þá í tilviki stefnanda 8. desember 2023. Vísar stefnandi hér til ákvæða 1. mgr. 19. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og þá skyldu lækna við útgáfu vottorða að votta það eitt er þeir vita sönnur á og nauðsynlegt er í hverju tilviki. Ekkert sé fram komið í málinu sem bendi til annars en að Jónas Ásmundsson læknir hafi, umræddan dag og á grundvelli sérþekkingar, gefið raunsanna yfirlýsingu um líkamlegt ástand stefnanda og óvinnufærni. Því stoði það stefnda ekki að hafna eða draga í efa gildi læknisvottorðsins með einhliða yfirlýsingu þar að lútandi heldur verði hann að hnekkja því, t.d. með vottorði frá trúnaðarlækni sínum eða eftir atvikum dómkvöddum matsmanni. Það hafi stefndi ekki gert.

Þá bendir stefnandi á að hann hafi ekki tilkynnt um veikindi sín með SMS skilaboðum í veikindasímanúmer stefnda dagana 5. og 8. desember, en samt fengið greidd laun fyrir þá daga. Í ljósi þessa sé lítið hald í þeim málatilbúnaði stefnda að veikindi starfsmanna séu ekki samþykkt nema fyrir liggi tvöföld tilkynning starfsmanns um veikindi.

Um sundurliðun launakröfunnar vísar stefnandi til greina 8.1.3. og 8.3.1. kjarasamnings um staðgengilslaun, þ.e. þau laun sem hann hefði sannanlega haft ef hann hefði ekki forfallast frá vinnu vegna sjúkdóms eða slyss. Er útlistað í stefnu hvernig þau laun eru reiknuð daganna 6. og 7. desember 2023, við þá fjárhæð bætt 11,11% orlofi, sbr. grein 6.1. kjarasamnings og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof, og nemi launakrafan

þannig í heild 55.675 krónum. Af hálfu stefnda er útreikningum stefnanda ekki mótmælt og því óþarft að rekja hér. Stefnandi byggir á því að gjalddagi nefndra launa sé 1. janúar 2024. Sjálfur hafi hann ekki undir höndum launaseðil fyrir kröfunni, sé því persónulega ábyrgur fyrir skilum á staðgreiðslu með stefnda, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og sé því krafist brúttólauna. Falli dómur stefnanda í vil vænti hann þess að uppgjör fram með þeim hætti að honum verði gerður launaseðill að fjárhæð höfuðstól dæmdra launa og stefndi standi skil á launatengdum gjöldum.

Um frekari lagarök vísar stefnandi til meginreglna vinnuréttar og samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, laga nr. 80/1938 og laga nr. 55/1980. Krafa um dráttarvexti er studd III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 1. mgr. 5. og 1. mgr. 6. gr. laganna, málskostnaðarkrafa við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála og krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV. - Helstu málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu á því að stefnandi hafi ekki haft lögmæt forföll vegna veikinda dagana 6. og 7. desember 2023 og eigi því ekki rétt til launa þá daga. Krafan er nánar á því byggð að stefnandi hafi ekki tilkynnt fjarveru sína með þeim hætti sem honum bar að gera samkvæmt reglum stefnda 28. febrúar 2014 og því ekki virkjað veikindarétt sinn fyrir þá daga, sbr. til hliðsjónar landsréttardómur nr. 186/2023. Jafnframt sé málum blandið hvort stefnandi hafi verið veikur 6. og 7. desember, en að hans sögn hafi honum verið illt í baki þessa tvo daga. Í vottorði Jónasar Ásmundssonar læknis 8. desember sé hins vegar skráð að við skoðun þann dag hafi stefnandi verið óvinnufær með öllu vegna sjúkdóms frá 6. desember 2023.

Stefndi tekur undir með stefnanda að engin ákvæði séu í lögum eða kjarasamningi um hvernig tilkynning um veikindi skuli háttað. Til að taka af tvímæli um hvernig það skuli gert, og þar með virkja sérstök lögbundin réttindi á kostnað vinnuveitanda, hafi stefndi skjalfest fyrrgreindar reglur og látið starfsmenn staðfesta þær með nafnritun á skjalið, auk þess sem þeir fái kynningu á inntaki reglnanna í upphafi starfs. Stefnandi hafi líkt og aðrir fengið slíka fræðslu sama dag og hann hóf störf hjá stefnda og kvittað undir skjalið. Að þessu gættu hafi stefnanda borið skylda til að tilkynna næsta yfirmanni um veikindaforföll og jafnframt senda tilkynningu með SMS skilaboðum í sérstakt símanúmer, ef hann vildi virkja sinn veikindarétt. Þetta hafi stefnandi gert 5. desember

2023 og því fengið greidd veikindalaun fyrir þann dag. Stefnandi hafi hins vegar brugðist sömu skyldu 6. og 7. desember og beri því enginn réttur til veikindalauna fyrir þá daga. Stefndi telur rétt að halda því til haga í þessu sambandi að samkvæmt málgögnum tilkynnti stefnandi með réttum hætti um veikindi í fjölmörg skipti áður en kom að 6. og 7. desember. Megi af því ráða að honum hafi verið fullkunnugt um reglur stefnda, hann skilið þær og þannig vitað hvernig ætti að virkja sinn veikindarétt.

Stefndi mótmælir þeim máltilbúnaði stefnanda að títtnefndar reglur séu íþyngjandi fyrir starfsmenn og segir þær þvert á móti ívilnandi, enda geti vinnuveitandi krafist læknisvottorðs strax á fyrsta degi veikinda. Þrátt fyrir þetta hafi stefndi almennt ekki farið fram á að starfsmenn framvísi læknisvottorði vegna veikinda, svo framarlega sem þeir virði hina fortakslausu reglu um tvöfalda tilkynningarskyldu. Fylgi starfsmenn þeirri reglu með réttum hætti sé þeim treyst og þeim greidd laun í veikinda- og/eða slysatilvikum. Um rökin að baki hinni tvöföldu tilkynningarskyldu bendir stefndi á að símtal við næsta yfirmann tryggi að sá geti strax gert ráðstafanir til að manna stöðu hins veika starfsmanns og SMS tilkynning í sérstakt veikindanúmer berist til launadeildar stefnda og tryggi þannig réttan launaútreikning starfsmanna.

Að því er sérstaklega varðar læknisvottorð sem stefnandi framvísaði 8. desember 2013 er á því byggt að læknar geti engu svarað um hvað ami að eða hafi amað að sjúklingi áður en sjálfstæð skoðun fer fram. Vottorð byggt á frásögn sjúklings um líðan fyrir skoðunardag hafi því ekkert gildi, enda geti læknir ekki vottað um atriði sem hann veit ekki sönnur á, sbr. 19. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og 3. gr. reglna nr. 586/1991 um gerð og útgáfu læknisvottorða, sbr. og 15. gr. siðareglna lækna. Hafi þessi skilningur stefnda verið staðfestur í dómaframkvæmd, sbr. hæstaréttardómar nr. 108/1981, nr. 297/1984 og nr. 631/2013, sbr. og landsréttardómur nr. 321/2023. Að öllu þessu gættu geti læknisvottorðið frá 8. desember ekki talist sönnun þess að stefnandi hafi haft lögmæt forföll dagana 6. og 7. desember, hvort heldur vegna sjúkdóms, vinnuslyss eða annars slyss, sbr. og hæstaréttardómur nr. 298/2001.

Stefndi mótmælir því að það sé hans að hnekkja umræddu læknisvottorði með vottorði trúnaðarlæknis eða öðrum þeim hætti sem stefnandi heldur fram, enda ekki á færi nokkurs læknis að skoða og meta af eigin raun hvort stefnandi hafi verið veikur 6. og 7. desember 2023. Jafnframt áréttar stefndi að stefnandi hafi fengið greidd laun í veikindaförföllum frá og með 8. desember, enda framvísað vottorði þann dag þar sem fram komi að hann hafi samdægurs verið skoðaður af lækni. Af þeirri ástæðu hafi stefndi

einnig greitt stefnanda laun vegna 8. desember þótt hann hafi þann dag ekki fylgt reglum stefnda um tvöfalda veikindatilkynningu.

Eins og fram kom í kafla II. dómsins gerir stefndi ekki athugasemdir við tölulegan útreikning á launakröfu stefnanda og segir að falli dómur stefnanda í vil muni stefndi gera honum launaseðil að fjárhæð höfuðstól dæmdra launa og stefndi annast skil á launatengdum gjöldum samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um önnur lagarök vísar stefndi til meginreglna vinnuréttar og samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Um málskostnað vísar hann til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V. - Niðurstöður.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla eiga allir starfsmenn sem forfallast við vinnu vegna slysa við vinnuna rétt á dagvinnulaunum í allt að þrjá mánuði. Í 5. gr. segir að allir fastráðnir starfsmenn sem forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa skuli ekki missa neins í af launum sínum í ákveðinn tíma, eftir atvikum frá einum og upp í þrjá mánuði.

Í máli því sem hér er til meðferðar liggur ekki annað fyrir en að stefnandi hafi slasast við vinnu í þágu stefnda og forfallast af þeim sökum. Verður við það miðað í málinu. Sú skylda hvílir á starfsmanni sem forfallast frá vinnu vegna slyss eða veikinda að tilkynna atvinnurekanda um svo fljótt sem verða má. Vanræki starfsmaður þá skyldu getur svo farið að ekki verði talið um lögmæt forföll að ræða. Þá gildir sú regla að starfsmaður verður að sanna forföll sín og óvinnufærni. Sé þess krafist af hálfu atvinnurekanda ber starfsmanni að skila læknisvottorði.

Úrlausn málsins ræðst af því hvort stefnandi hafi tilkynnt forföll sín til stefnda með fullnægjandi hætti dagana 6. og 7. desember 2023 til að virkja þann rétt fastráðins starfsmanns að missa ekki neins í af launum sínum vegna sjúkdóms eða slyss, sbr. V-1. hér á eftir. Ennfremur, hvort vottorð Jónasar Ásmundssonar læknis teljist fullgild sönnun fyrir óvinnufærni stefnanda sömu daga, sbr. V.-2.

V.-1.

Í lögum nr. 19/1979 er ekki að finna ákvæði um tilkynningar vegna veikinda- og slysaforfalla og gegnir því sama um kjarasamninginn sem hér gildir. Að vinnurétti hefur verið litið svo á að starfsmaður skuli tilkynna forföll sín með sannanlegum hætti til næsta yfirmanns, verkstjóra eða annars sem fer með starfsmannahald atvinnurekanda. Að sama skapi hefur verið talið ósanngjarnnt að gera þær kröfur til starfsmanna að þeir tilkynni veikindi sín á fleiri en einn stað, enda litið svo á að atvinnurekandi eigi hægt um vik að miðla sömu upplýsingum eftir þörfum innan síns atvinnufyrirtækis, sbr. til hliðsjónar hæstaréttardómur nr. 572/2016 þar sem talið var að þrátt fyrir ákvæði í kjarasamningi um að staðfesta þyrfti forföll starfsmanns með tilteknum hætti til að virkja greiðsluskyldu atvinnurekanda breytti það engu um að veikindaforföll voru tilkynnt. Þá skal hér nefna hæstaréttardóm nr. 207/2005, en þar kom ekki að sök þótt sjómaður tilkynnti ekki um töku veikindaleyfis þar sem atvinnurekanda var fullkunnugt um þær ástæður sem leiddu til fjarvista. Í því tilviki sem hér um ræðir ber einnig að hafa í huga að þær sértæku reglur um tilkynningarskyldu sem stefndi setti starfsmönnum sínum í febrúar 2014 voru hvorki teknar upp né á þær minnst í ráðningarsamningi við stefnanda 2. september 2021. Þegar við þetta bætast veikindatilkynningar stefnanda til Dido yfirmanns síns, sem frá greinir í kafla I.-3. dómsins og Dido tók góðar og gildar, ber að leggja til grundvallar að stefnandi hafi með þeim textaskilaboðum tilkynnt um veikindaforföll sín með fullnægjandi hætti dagana 6. og 7. desember 2023. Verður hann því ekki hlunntfarinn um laun á þeim grunni og breytir engu í því sambandi landsréttardómur nr. 186/2023, sem stefndi vísar til, enda atvik gjörólík í því máli.

V.-2.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn ber læknum að gæta varkárni, nákvæmni og óhlutdrægni við útgáfu vottorða, álitserða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna og votta það eitt er þeir vita sönnur á og er nauðsynlegt í hverju tilviki. Er nánar um þetta fjallað í 3. gr. reglna nr. 586/1991 um gerð og útgáfu læknisvottorða, en þar segir m.a. að við útgáfu vottorða skuli læknir sérstaklega hafa í huga tilgang þess vottorðs sem hann gefur út, ávallt gæta fyllstu varkárni og nákvæmni við gerð vottorða, einungis votta þau atriði er hann veit sönnur á og ekki staðhæfa annað í vottorði en það sem hann hefur sjálfur sannreynt.

Af hálfu stefnda er á því byggt að Jónas Ásmundsson læknir hafi ekki fylgt settum reglum við útgáfu læknisvottorðs til stefnanda 8. desember 2023 og að vottorð læknisins

hafi ekki sönnunargildi um veikindaforföll stefnanda 6. og 7. desember þar sem lækni skoðun fór ekki fram fyrr en 8. desember. Vísar stefndi í þessu sambandi m.a. til hæstaréttardóma nr. 108/1981, nr. 297/1984, nr. 298/2001 og nr. 631/2013, sem og landsréttardóms nr. 321/2023, og telur þá dóma hafa fordæmisgildi í þessu máli.

Í hæstaréttarmáli nr. 108/1981 tilkynnti starfsmaður ekki um veikindi til atvinnurekanda, skilaði ekki læknisvottorði fyrr en rúmum tveimur mánuðum eftir sögð veikindi og fyrir lá að sá læknir er gaf vottorðið út hafði ekki skoðað starfsmanninn meðan á veikindum stóð. Sökum alls þessa var vottorðið ekki talið hafa sönnunargildi um heilsufar starfsmannsins á sögðu veikindatímabili. Að gættum þessum atriðum þykir hæstaréttardómurinn ekki hafa þýðingu við úrlausn þessa máls, stefnda til hagsbóta.

Í hæstaréttarmáli nr. 297/1984 var tekist á um veikindarétt háseta sem hafði lýst sig reiðubúinn að hefja veiðiferð 10. janúar 1983, mætti svo ekki í túrinn, kvaðst hafa leitað til læknis 13. janúar og framvísaði í kjölfarið veikindavottorði. Með hliðsjón af því vottorði, sem og því að hásetinn gat ekki á annan hátt sannað að hann hafi ekki mátt hefja veiðiferðina 10. janúar vegna veikinda var atvinnurekandinn sýknaður af launakröfu hásetans. Dómurinn hefur ekki þýðingu við úrlausn þessa máls.

Í hæstaréttarmáli nr. 298/2001 var tekist á um gildi læknisvottorðs og hvað læknir gæti borið um í vottorði á grundvelli þágildandi læknalaga og reglna nr. 586/1991. Í ljós var leitt að vottorðsgjafi hafði hvorki skoðað sjúkling né byggt vottorð sitt á sjúkraskrá annars læknis. Að gættum þessum atriðum var talið að læknisvottorð sem starfsmaður skilaði til atvinnurekanda í lok veikindatímabils hefði ekkert sönnunargildi um veikindi starfsmannsins og fjarveru frá vinnu í 16 daga. Dómurinn þykir ekki hafa þýðingu við úrlausn málsins, stefnda til hagsbóta.

Í hæstaréttarmáli nr. 631/2023 var ágreiningur um hvort leiða mætti fyrir dóm sem vitni tvo lækna sem sannanlega önnuðust ekki sjúkling í þeim veikindum sem málið snerist um. Eðli máls samkvæmt var því hafnað af Hæstarétti. Hefur sá dómur enga þýðingu við úrlausn þessa máls.

Landsréttarmál nr. 321/2023 laut að ærumeiðandi ummælum í læknisvottorðum um einstakling sem var ekki sjúklingur hlutaðeigandi læknis og læknirinn hafði aldrei rætt við eða séð. Hefur sá dómur bersýnilega enga þýðingu við úrlausn þessa máls.

Á sönnunargildi læknisvottorða reyndi einnig í hæstaréttardómum nr. 297/2015, nr. 572/2016 og nr. 5/2023. Í fyrstnefndu máli lá fyrir yfirlýsing læknis um óvinnufærni starfsmanns og hafði henni ekki verið hnekk af hálfu atvinnurekanda. Í máli nr.

297/2015 var lagt til grundvallar læknisvottorð um óvinnufærni starfsmanns, enda hafði því vottorði ekki verið hnekkð af hálfu atvinnurekanda með matsgerð eða á annan hátt. Í máli nr. 572/2016 var upphaf greiðsluskyldu atvinnurekanda á forfallalaunum starfsmanns miðað við afhendingu á læknisvottorði um óvinnufærni 29. september 2010, enda væri upphafstími veikinda háður læknisfræðilegu mati. Í máli nr. 5/2023 lágu fyrir tvö læknisvottorð um óvinnufærni starfsmanns. Þegar atvinnurekanda bárust þau vottorð kallaði hann hvorki eftir frekari skýringum né freistaði þess að fá vottorðunum hnekkð. Voru þau því lögð til grundvallar um kjarasamningsbundinn rétt starfsmannsins til launa í veikindaförföllum.

Af dómaframkvæmd Hæstaréttar um sönnunargildi læknisvottorða má draga tvær ályktanir. Í fyrsta lagi, að brýnt er að læknir sem gefur út vottorð, vottorðsgjafi, hafi sjálfur skoðað hlutaðeigandi starfsmann á sögðu veikindatímabili og á þeim grunni lagt sérfræðilegt mat á líkamlegt eða andlegt ástand hans. Við slíkt mat er stundum óhjákvæmilegt að vottorðsgjafi reiði sig á lýsingu starfsmanns á líðan sinni ef ekki eru augljós ytri ummerki um slys eða sjúkdóm. Í öðru lagi, að dragi atvinnurekandi útgefið læknisvottorð í efa verði hann að hnekkja því, svo sem með því að afla vottorðs þar um frá trúnaðarlækni sínum eða afla matsgerðar.

Í máli því sem hér er til meðferðar liggur fyrir vottorð Jónasar Ásmundssonar lækni um að stefnandi hafi verið frá vinnu vegna slysa- eða veikindaforfalla dagana 6.-13. desember og er vottorðið byggt á læknisskoðun Jónasar 8. desember. Stefnandi hefur fyrir dómi gefið trúverðuga lýsingu á því af hverju læknisskoðun fór ekki fyrr fram. Þá hefur Jónas staðfest vottorðið fyrir dómi og verður hvorki ráðið af dómsvætti hans né útgefnu vottorði að ákvæðum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og 3. gr. reglna nr. 586/1991 um gerð og útgáfu læknisvottorða hafi ekki verið fylgt í hvívetna. Þá er í vottorðinu vakin athygli stefnda á því sé óskað frekari upplýsinga um veikindi stefnanda skuli trúnaðarlæknir stefnda snúa sér til Jónasar. Það gerði stefndi ekki og hefur hann ekki með öðrum læknisfræðilegum ráðum freistað þess að fá vottorðinu hnekkð. Verður því vottorðið lagt til grundvallar til sönnunar um rétt stefnanda til greiðslu fullra launa í veikindum sínum 6. og 7. desember 2023, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1979.

Eftir greindum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar. Liggur fyrir í því sambandi tímaskýrsla lögmanns stefnanda sem ekki hefur verið andmælt af hálfu stefnda.

Að því gættu og með hliðsjón af eðli og umfangi máls þykir málskostnaður til stefnanda hæfilega ákveðinn 1.006.942 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, VHE ehf., greiði stefnanda, Stefan Daniel Nae, 55.675 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2024 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.006.942 krónur í málskostnað.

Jónas Jóhannsson

Rétt endurrit staðfestir.
Héraðsdómi Reykjaness, 25. júní 2024.

